

Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórnar Matthías Johannessen.
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Árni Garðar Kristinnsson.
Ritstjórn og afgreiðsla Aðalstræti 6, sími 10-100.
Auglýsingar Aðalstræti 6, sími 22-4-80.
Askriptargjald 195,00 kr. á mánuði innanlands.
Í lausasölu 12,00 kr. eintakið.

HUGSJÓNIR SEM HELGAST FRAMTÍÐINNI

Áramótagrein Jóhanns Hafstein, forsætisráðherra, í Morgunblaðinu og ávarp hans til þjóðarinnar í útvarpi og sjónvarpi á gamlárskvöld vöktu verulega athygli — og var það að vonum. Forsætisráðherra ræddi málefni lands og þjóðar, liðna tíð og framtíðarhorfur á þann veg, að alþjóð fann, að um stjórnmál er haldið af festu en um leið drenglyndi og sáttfýsi.

Í áramótagrein sinni í Morgunblaðinu ræddi Jóhann Hafstein liðið ár og sagði: „Bregður nú mjög til hins betra frá því, sem áður var, á hinum erfiðu árum 1967 og 1968. Hitt skiptir og máli, að árið 1969 var þegar farið að jafna metin svo að sýnilegur bati var orðinn. Deilt hefur verið um, hvort stjórnmál geti nokkru um ráðið, hvernig fram úr ræðst. Að sjálfsögðu ráða þau hvorki aflabrögðum né erlendu markaðsverði, þótt ekki sé örgrannt um, að þeirra sé talin sökin, þegar það þykir við eiga. Í sanngirni mætti sennilega fá menn almennt til þess að fallast á, að „veldur hver á heldur“. Eitt er víst, að þegar verst lætur reynir á þolrif þeirra, sem með landsstjórn fara. Á síðastliðnu ári og þessu gætir óumdeilanlega ávaxta þeirra aðgerða, sem ríkisstjórn þurfti til að grípa, þegar á móti blés, og aðrir hlupust undan að taka þátt í ábyrgð á, þótt eftir væri leit-að.“

Forsætisráðherra ræddi enn fremur í áramótagrein sinni um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu er tók gildi 1. marz 1970 og sagði: „Verður tæpast lengur í efa dregið, að sú ákvörðun Íslendinga, sem að baki lá, hafi verið mótuð af framsýni og áráði, sem þjóðin hefur þegar notið góðs af og mun gera í ríkara mæli á næstunni. Er næsta erfitt að gera sér í hugarlund, hvernig að-

staða okkar væri í þeim viðræðum, sem nú fara fram um viðtækari efnahagssamvinnu Evrópuríkja, ef við hefðum ekki þegar fótað okkur í samstarfinu innan Fríverzlunarbandalagsins og værum byrjaðir á að aðhæfa okkur samvistum við nágranna án einangrunar, sem hefði hlotið að fara vaxandi og gat ekki leitt nema til ófarnaðar. Ég hef orðið þess var, að við erum bráðir Íslendingar, þegar meta skal það, sem gjört er. Menn tala um að alveg spá-nýr útflutningsiðnaður hafi verið látinn í veðri vaka við inngöngu í Fríverzlunarbandalagið. Það er rétt, að bent var á stóran, nýjan, tollfrjálsan markað. En allt tekur sinn tíma, ekki sízt það, að afla nýrra markaða í milli-ríkjavíðskiptum.“

Í áramótaávarpi sínu til þjóðarinnar á gamlárskvöld ræddi Jóhann Hafstein, forsætisráðherra, m.a. um það, að oft yrði mönnum á að fella dóma, stundum af engri vægð og takmarkaðri tillitssemi og sagði síðan: „Oft hefur unga kynslóðin hlotið slíka dóma. En hugleiðum eitt andartak, að það unga fólk, sem nú er 25—30 ára er allt fætt á tímum og að lokum síðustu heimsstyrjaldar. Hvað er í raun ólíkara, landið vort á milli hinna miklu styjalda og nú síðan hinni síðari lauk? Er það furða, þótt fólkíð beri þess merki, svo ólík sem kjör þess hafa verið? En hvern er að saka? Ég hygg, að unga fólkíð nú mótist eins og fyrr af hugsjónum, sem helgast framtíðinni. Því er ekki sagt til lasts, þótt minnt sé á, að engin þjóð má gleyma sjálfri sér og eigin sögu. Slík vitneskja er jafn óhjákvæmileg nauðsyn til þess að geta metið rétt ákvarðanir á liðandi stund eins og framtíðarhugsjónir verða að glæða slíkar ákvarðanir næringu og lífsmagni.“

Bjartara yfir — rýmri hagur

Í nýársávarpi því, sem forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn, flutti á nýársdag í útvarpi og sjónvarpi og birt er í Morgunblaðinu í dag, ræddi hann um þau umskipti, sem urðu á högum þjóðarinnar á hinu liðna ári og batnandi hag. Forsetinn sagði m.a.:

„Á þessum nýársdegi er svo fyrir að þakka, að menn

virðast vera á einu máli um, að nú sé bjartara yfir en um tvenn síðustu áramót. Hagur atvinnuvega og þjóðarbús hefur farið batnandi og menn eru í léttara skapi. Orðið landflótti heyrir nú ekki, og lítill brögð munu vera að því, að íslenskir menn taki sig upp með fjölskyldur sínar til áhættusams landnáms í fjarlægum heimsálfum. Fagnað-



BABÍ JAR

Í ÞEKKTASTA ljóði sínu Babí Jar yrkir sovéská skáldið Evgéní Evtúsénko um Gyðingamorð, sem Þjóðverjar og Rússar frömdu í sameiningu á styrjaldarárunum. Ljóð Evtúsénkos birtist 1961 og rauf þögnina um þennan hryllilega atburð, en Stalín hafði bannað að minnst væri á Babí Jar. Evtúsénko segir í ljóðinu, að engin minnismerki hafi verið reist um Babí Jar; hann óskar þess að alþjóðasöngur verkalýðsins hljómi þegar seinasti Gyðingahatarinn hafi verið borinn til grafar. Ljóði Evtúsénkos er stefnt gegn Gyðingahatri í Sovétríkjunum, lýsir þeirri staðreynd, að Gyðingahatur er áberandi í ríki kommúnismans. Annar sovéskur rithöfundur, Anatolj Kusnetsov, hefur samið bók um Babí Jar, og eftir að hann flýði land var þessi bók prentuð á Vesturlöndum í upprunalegri gerð sinni.

Þeir, sem fylgst hafa með málefnum kommúnistalandanna, hafa ekki komist hjá því að sjá Gyðingahatrið vaxa þar að nýju í viðbjóðslegustu mynd sinni, ekki síst í Sovétríkjunum. Nýlegt dæmi um þetta eru harðir dómur yfir rússneskum Gyðingum í Leníngrad, en dómarnir hafa vakið andúð um allan heim og kallað á réttláta reiði.

Um daginn birtist grein eftir Halldór Laxness í Morgunblaðinu. Í greininni fjallaði Halldór um æði af ýmsu tagi, einkum ofsóknir gegn þeim, sem á einhvern hátt eru minnimáttar, geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér. Halldór Laxness drepur m.a. á Babí Jar í greininni, og leyfi ég mér að vitna til orða hans, svo að lesendum verði Babí Jar-málið ljósara en áður: „Í Rússlandi og Þýskalandi er svokallaður antisemitismi eða gyðingahatur landlægt og er gamall og nýr síður hjá þessum þjóðum að skipuleggja blóðbað á gyðingum ef eitthvað geingur úrskaiðis hjá þeim. Pogrom svokölluð (at í gyðingum) voru meðöl þessara þjóða við geðbilun sem grass-éraði í þeim sjálfum. Um gyðinga voru sagðar sögur líkar þeim sem sagðar eru á Íslandi nú á dögum um hunda. Það er til dæmis aldagömul víska í Rússlandi og Þýskalandi að gyðingar hafi fyrir sið að éta börn á páskunum. Í miðri heimsstyrjöldinni síðari höfðu rússar og þjóðverjar fróðlega samvinnu um að skjóta 32 þúsund varnarlausu gyðinga, mestan part konur, börn og gamalmenni, hjá Baby Jar, gilskorníngi fyrir utan Kíev 29. — 30. september 1941. Þeir hjálpuðust síðan að því að fela líkin í gílunu. En líkin fundust og þessi „hundamorð“ urðu sú hetjudáð rússneskra og þýskra herja sem lifir leingst úr styrjöldinni 1939—1945.“

SKAMMDEGISDEILUR, PÓLÍTÍSK HEIMSKA OG SMEKKLEYSUR

Eins og venjulega þegar Halldór Laxness leggur eitthvað til málanna vakti grein hans mikla eftirtekt. Austri Þjóðviljans leikur á als oddi yfir kenningum Halldórs og flokkar málfluting hans undir svokallaðar „skammdegis-

deilur“, en að sögn Austra halda deilur þessar „virkum þeim hláturtaugum sem gera tilveruna bærilega meðan sólin virðir þetta eyland naumast viðlits“. Deilurnar um hundahald kallar hann „einstakt göðgæti“, og svipað orðalag viðhefur hann þegar hann minnist með eftirsjá þeirrar sælu, sem hann varð að-njóstandi í Víetnam, en þar kynntist hann hundum, sem voru „með svipað holdafar og aligrísir og kjótið af þeim ljúffengt með ívið sætum keim“.

Af endurminningum Austra verður reyndar ljóst hvað þarf til að skrifa dálka eins og Frá degi til dags í Þjóðviljanum. Víetnam hefur sannarlega orð ið honum nammi nammi í fleiri en einum skilningi.

Árni Bergmann fer líka á kostum vegna greinar Halldórs Laxness. Í fyrri hluta laugardagspistils síns 19. des. leikur hann hlutverk Lísu í Undralandi af þeirri list, sem honum einum er lagin, enda stendur mikið til hjá Árna núna eftir að hann komst alla leið til Svíþjóðar og hitti þar skoðanabréður sína. Í lok pistilsins lumbrar hann á Halldóri Laxness með eftirfarandi orðum: „Pólítísk heimska eða blinda eða fölsun kemur einatt skýrast fram í ruglingi: að bera saman það sem er ósambærilegt. Eins og til dæmis Gyðingamorð og hundastríð hér í Reykjavík.“

Þeir Austri og Árni Bergmann virðast hafa eignast lærisein á Tímanum. Í „pop“ þætti blaðsins 22. desember skrifar Baldvin Baldvinsson um nýja plötu Bobs Dylans. Baldvin virðist hafa töluverðar áhyggjur af Dylan, en lýkur þó umsögn sinni á hughreystandi orðum: „En hvað um það, þó Dylan leggjist heldur lágt um tíma, má trú á betri tíð. Og varla getum við trúð því, að hann fari að líkja baráttu gegn hundahaldi við ofsóknir gegn gyðingum. Slíkar smekkleysur væru honum ólíkar.“

En hvers vegna fær „gamall hunda-maður“ allar þessar einkunnir frá gáfnaljósnum blaðanna þegar hann fjallar í senn um reykvískt vandamál og eina geigvænlegustu staðreynd nútímans. Getur það hugsast að enn sé bannað að nefna Babí Jar í Þjóðviljanum og Tímanum? Kannski er Babí Jar aðeins handa hláturtaugunum og sjálfsagt að bendla þá, sem gleyma ekki atburðunum þar, við pólítíska heimsku eða ásaka þá um smekkleysi? Svo lítillsíglar eru skoðanir Halldórs Laxness nú orðnar í Þjóðviljanum að ritstjórnin hefur þær í flimtingum.

Viðbrögð þau, sem hér hefur verið lýst, eru glæsilegur vitnisburður íslenskrar menningarumræðu. Kannski eru þau einmitt minnisvarðinn, sem ráðamennirnir í Kreml kysu að reisa í Babí Jar. Það er ekki ónýtt fyrir þessa sómakæru leiðtoga að finna samhyggðina. Sumir menn heyrja ekki falska nótu í alþjóðasöngnum hvað sem á gengur í heiminum. Þeir una sér vel í „undralandinu“, hafa fundið fyrirheitna landið fyrir löngu og kippa sér ekki upp við morð á fáeinum Gyðingum, jafnvel þó að talan sé 32 þúsund. Skáld eins og Evgéní Evtúsénko og Halldór Laxness ættu að hafa vit á að halda sér saman þegar völ er á slíkum málsvörum réttlætisins og þeim sem láta ljós sitt skína í Þjóðviljanum og Tímanum.

arefni er það, því að Ísland má ekki við slíkum manna-missi.“

Síðar í ræðu sinni sagði forsetinn: „Þess sjást nú ýmis merki, að allur þorri manna býr við rýmri hag en verið hefur um sinn, hefur meira handa í milli, getur veitt sér

fleiri lífsins gæði. Það er reyndar býsna erfitt eða nær ógerningur að verða sér úti um tölulegar staðreyndir um raunveruleg lífskjör manna hér á landi í samanburði við það, sem gerist með grannþjóðum vorum, sem að þessu leyti eru meðal hinna fremstu

í heimi. En þó að rökstuddar tölur vanti, er það almenn skoðun, að lítið eða ekki skorti á, að vér höldum til jafns við granna vora í þessu efni, og má þó satt vera, að enn kosti það oss lengri vinnudag og harðari önn að halda í þessu horfi.“